



Áhugavekjandi þemasmiðjur á unglíngastigi

Skólaárin 2021-2023

Grunnskóli Vestmannaeyja

Umsjónarmaður: (Sigurhanna Friðþórsdóttir) Ásdís Steinunn Tómasdóttir

Ábyrgðarmaður verkefnis: Ásdís Steinunn Tómasdóttir

Umsækjendur: Ásdís Steinunn Tómasdóttir, Birgit Ósk B. Bjartmarz og (Sigurhanna Friðþórsdóttir) Ragnheiður Borgþórsdóttir

Lýsing á verkefni

Þróun þemaverkefnis sem byggir á samþættingu námsgreina þvert á árganga 9. og 10. bekkja í GRV. Nemendur fá tækifæri til að vinna fjölþætt verkefni í samfélags- og náttúrufræðigreinum út frá hæfniviðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla*. Unnið verður í lotum þar sem nemendur takast á við áskoranir sem fylgja því að vinna í fjölbreyttum hópum en þurfa jafnframt að sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum og taka ábyrgð á eigin námi. Áhersla verður á skapandi skil, áhugahvetjandi verkefni með það að markmiði að auka vellíðan og sjálfsöryggi í námi og starfi.

Tenging verkefnis við tilgreinda áherslupætti

1. Framsækni kennduáættingar sem m.a. auka fjölbreytni í kennslu sem byggir á nýtingu tækni, teymiskennslu og þemanámi.
2. Áhugahvöt og vellíðan.

Upphaf og lok verkefnis

Upphaf verkefnis er áætlað 15. apríl 2021 og lok þess eru áætluð um 1. júní 2023.

Markmið og leiðir að markmiðum

Markmið samþættingar námsgreina í verkefnum sem þessum er að auka vellíðan og sjálfsöryggi nemenda í námi og starfi. Með því að samþætta námsgreinar fá nemendur tækifæri til að vinna fjölþætt verkefni, takast á við áskoranir og taka ábyrgð á eigin námi. Nemendur fá tækifæri til að auka færni sína í að vinna í fjölbreyttum hópum við verkefni tengt þeirra áhugasviði.

Helstu hindranir og frávik frá upprunalegri áætlun

Sigurhanna Friðþórsdóttir var upphaflegur umsjónarmaður þessa verkefnis en í júní 2021 skipti Sigurhanna um starfsvettvang og sagði sig frá verkefninu og Ragnheiður Borgþórsdóttir bættist inn í hópinn.

Upphaflega stóð til að fara í vettvangsheimsóknir í aðra skóla sem hafa samþætt námsgreinar með góðum árangri, kanna þeirra skipulag, kynna okkur þeirra góða starf og fá að fylgjast með kennslunni og sjá hvernig skipulagið er hjá þeim. Það stóð einnig til að

kaupa aðgang að heimasíðum og verkefnabönkum skóla og aðila sem hafa sinnt samþættingu námsgreina á unglिंगastigi vel svo eitthvað sé nefnt.

Kostnaðaráætlunin gerði einnig ráð fyrir launum okkar við þróunina og gerðum við ráð fyrir að það tæki um tvö skólaár. Fyrsta skólaárið stóð til að verkefnin yrðu hönnuð og prufukeyrð á unglिंगastiginu. Á ári tvö yrðu verkefnin slípuð til, óskað eftir hentugri stundatöflu þar sem náttúru- og samfélagsgreinum í 9. og 10. bekk yrðu raðað á hentugan hátt með samþættingu í huga.

Það er skemmst frá því að segja að þar sem styrkveitingin var langt undir kostnaðaráætlun umsækjanda þá breyttust áherslur verkefnisins. Styrkþegar hafa útbúið nokkur samþætt þemaverkefni sem henta vel á unglिंगastigi og þá sérstaklega ef náttúru- og samfélagsgreinar eru samþættar.

Mat á verkefninu

Við settum saman heimasíðu sem inniheldur verkefni sem öll eiga það sameiginlegt að vera samþætt samfélags- og náttúrugreinum.

Heimasíðan er hugsuð sem verkefnabanki fyrir samfélags- og náttúrugreinakennara í GRV og verða kennarar hvattir til að nýta sér verkefnin sem þar eru.

Við teljum að verkefnabanki sem þessi styðji kennara ennfrekar til samþættinga námsgreinanna.

Við hlökkum til að kynna verkefnabankann fyrir ykkur þegar að því kemur.

Hlekkur á síðu væntanlegur.

Ráðstöfun styrks

I. Styrkur frá Vestmannaeyjabæ 150,000 krónur

Laun 50,000 krónur - Ásdís Steinunn Tómasdóttir.

Laun 50,000 krónur - Birgit Ósk B. Bjartmaz.

Laun 50,000 krónur - Ragnheiður Borgþórsdóttir.

Vestmannaeyjar _____